



Starfsreglur móttökunefndar HSÍ

1.gr. Skipun

Móttökunefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ. Nefndin skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir.

2.gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

3.gr. Hlutverk og verkefni

Móttökunefnd skipuleggur í samvinnu við skrifstofu HSÍ, allar heimsóknir erlendra liða til Íslands á vegum HSÍ.

4.gr. Önnur störf

Móttökunefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5.gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6.gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 08.april 2009